

**Fundur haldinn í fræðslunefnd Húnavatnshrepps
að Húnavöllum 2. desember 2008**

Fundur settur af formanni. Mæting skv. undirskriftum.

- Dagskrá:
1. "Óskalisti" Húnavallaskóla.
 2. Reikningar og málefni mötuneytis.
 3. Bréf frá HSB varðandi aðstöðu skólahjúkrunarfræðings.
 4. Önnur mál.

Fundur settur af formanni. Mæting skv. undirskriftum.

1. Þorkell kynnti "óskalista" Húnavallaskóla. Hann hefur þegar verið kynntur hreppsnefnd en ekki náðist að halda fræðslunefndarfund áður. Þorkell og Grímur útbjuggu listann í sameiningu. Nú hefur verið lagað þakið á íþróttasalnum og búið er að óska eftir tilboðum í málningu á íþróttasalnum á veggjum og gólfi. Tilboð er til staðar vegna gúmmíhellna undir leiktæki við sparkvöll. Endurnýjun og viðhald þarf á tækjum og búnaði fyrir skólann, svo sem tússtöflur og leiktæki innanhúss. Einnig kom fram að gluggar á suðvesturhlið hússins eru nánast ónýtir.

Þorkell sagði frá því sem hefur verið gert sl. ár. Endurnýjun tölva og nettenging í öllum kennslustofum, 2 nýir skjávarpar og sýningartjöld sem verða sett upp í 8. og 9. bekkjar stofu og 10. bekkjar stofu, stólar mikið endurnýjaðir í borðsal, nýir körfuhringir, vals á leiksvæði, ljós í kjarna endurnýjuð, ýmislegt fleira var gert í endurnýjun áhalda og búnaðar.

Fræðslunefnd leggur áherslu á að farið verði í að mála íþróttasal í jólafríinu og að keyptar verði gúmmíhellur fyrir leiksvæði þannig að hægt sé að leggja þær næsta vor. Að öðru leyti samþykkir fræðslunefnd "óskalistann".

Með tilliti til aðstæðna í þjóðfélaginu leggur fræðslunefnd áherslu á að áfram verði unnið að endurnýjun tækja, áhalda og búnaðar eins og verið hefur.

2. Ægir lagði fram reikninga mötuneytisins en hann er talsmaður foreldra gagnvart mötuneyti. Tekjur eru samtals kr. 6.035.348 og gjöld kr. 5.566.331 á skólaárinu 2007-2008. Hagnaður er kr. 469.017 sem skýrist m.a. af kostgöngurum. Nokkrar umræður urðu um málefni mötuneytisins. Verð er 315 kr. á dag fyrir nemendur. Umræður voru um mikilvægi holls mataræðis. Fram kom að munnlegar athugasemdir hafa verið gerðar varðandi of hátt hlutfall af unnum matvörum í mötuneytinu. Fræðslunefnd vill ítreka þá skoðun sína að lögð sé áhersla á góðan og hollan heimagerðan mat í mötuneyti Húnavallaskóla.
3. Ægir kynnti bréf frá framkvæmdastjóra Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi varðandi aðstöðu skólahjúkrunarfræðings. Fram kom að aðstaðan er viðunandi og ekki þörf á miklum aðgerðum.
4. Þorkell ræddi ljósleiðaramál sem hafa mikla þýðingu fyrir Húnavelli að hans mati. Nokkrar umræður urðu um þau mál. Fræðslunefnd leggur áherslu á að ljósleiðari verði lagður að Húnavöllum.
Fram kom ánægja með hvað vel tókst til með árshátíð Húnavallaskóla 2008 og skóla færðar þakkir fyrir. Gamlir nemendur sem eru í hljómsveit buðust til að spila á árshátíðinni og var það ánægjulegt. "Svörtu sauðirnir".

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Þóra Sverrisdóttir
Ægir Sigurgeirsson
Sigurður Árnason
Pétur Pétursson
Þorkell Ingimarsson
Áslaug Inga Finnsdóttir
Kristín Rós Sigurðardóttir
Maríanna Þorgrímsdóttir